

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1217/2010

2011/EES/40/09

frá 14. desember 2010

um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um rannsóknir og þróun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾,

að birtum drögum að þessari reglugerð,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (*) með reglugerð gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans og snúast um rannsóknir og þróun vara, tækni eða aðferða, áður en til notkunar í iðnaði kemur, og hagnýtingu niðurstaðna, þar með talin ákvæði um hugverkaréttindi.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 179. gr. sáttmálans skal Evrópusambandið hvetja fyrirtæki, að meðtöldum þeim sem eru lítil eða meðalstór, til að starfa að metnaðarfullum rannsóknnum og tækniframförum og styðja viðleitni þeirra til samstarfs. Tilgangur þessarar reglugerðar er að greiða fyrir rannsóknar- og þróunarstarfsemi jafnframt því sem henni er ætlað að vernda samkeppni á skilvirkan hátt.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun ⁽²⁾ eru skilgreindir þeir flokkar samninga um rannsóknir og þróun sem framkvæmdastjórnin taldi að uppfylltu að jafnaði skilyrðin sem mælt

er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Í ljósi þess að reynslan af beitingu þeirrar reglugerðar, sem fellur úr gildi 31. desember 2010, er í heildina tekið jákvæð og að teknu tilliti til frekari reynslu, sem fengist hefur síðan hún var samþykkt, er rétt að ný reglugerð verði samþykkt varðandi hópundanþágu.

- 4) Þessi reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita félögum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnábyrgð og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um rannsóknir og þróun milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsstyrk má almennt líta svo á, að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr., að jákvæð áhrif samninga um rannsóknir og þróun vegi þyngra en neikvæð áhrif þeirra á samkeppni.
- 5) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem geta fallið undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 6) Samningar um sameiginlegar rannsóknir eða þróun niðurstaðna úr rannsóknnum, fram að því stigi að hægt sé að hagnýta þær við iðnaðarframléiðslu, falla yfirleitt ekki undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans. Í vissum tilvikum, meðal annars þar sem samningsaðilar ákveða að stunda ekki aðra rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sama sviði og útiloka þar með þann möguleika að þeir nái forskoti á hina samningsaðilana, geta slíkir samningar þó fallið undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans og því ber að láta gildissvið reglugerðar þessarar taka til þeirra.
- 7) Ávinningurinn af þeirri undanþágu, sem komið er á með þessari reglugerð, skal takmarkast við þá samninga sem nægilega víst er að teljist fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 8) Samvinna á sviði rannsókna og þróunar og við hagnýtingu niðurstaðna er líklegust til að stuðla að tækniframförum og efnahagslegum framförum ef aðilar bæta hver annan upp í samstarfinu að því er varðar færni, eignir eða starfsemi. Þetta tekur einnig til aðstaðna þar sem einn aðili kemur aðeins að fjármögnun rannsóknar- og þróunarstarfsemi annars aðila.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á XIV viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 7.4.2011, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 7.

(*) Frá og með 1. desember 2009 telst 81. gr. EB-sáttmálans vera 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessar tvær greinar eru efnislega eins. Að því er varðar þessa reglugerð geta vísanir til 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verið vísanir til 81. gr. EB-sáttmálans, eftir því sem við á. Með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins voru einnig innleiddar tilteknar breytingar á hugtakanotkun, svo sem notkun á „Evrópusambandið“ í stað „Evrópubandalagið“ og „innri markaður“ í stað „sameiginlegur markaður“. Hugtakanotkun sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verður beitt alls staðar í þessari reglugerð.

- 9) Sameiginleg hagnýting niðurstaðna verður að teljast eðlileg afleiðing sameiginlegra rannsókna og þróunar. Hún getur verið af ýmsu tagi, svo sem framleiðsla, hagnýting hugverkaréttinda, sem leiðir til verulegra tæknilegra eða efnahagslegra framfara, eða markaðssetning nýrra vara.
- 10) Neytendur njóta yfirleitt góðs af auknum og markvissari rannsóknum og þróunarstarfi þar eð nýjar eða bætтар aðferðir leiða til nýrra eða betri vara og þjónustu, hraðari markaðssetningu þessara vara eða þjónustu eða lækkaðs vöruverðs vegna nýrrar eða bættrar tækni eða vinnslu.
- 11) Til að réttlæta undanþáguna, skal sameiginleg hagnýting tengjast vörum, tækni eða vinnslu þar sem nauðsynlegt er að geta nýtt niðurstöður rannsókna og þróunar. Enn fremur skulu allir aðilar samningsins um rannsóknir og þróun samþykkja að þeir hafi allir fullan aðgang að lokaniðurstöðum sameiginlegs rannsóknar- og þróunarstarfs, þ.m.t. öll hugverkaréttindi og verkunnátta sem af því kann að leiða, til frekari rannsókna, þróunar og hagnýtingar um leið og lokaniðurstöður liggja fyrir. Aðgangur að niðurstöðum skal almennt ekki vera takmarkaður að því er varðar notkun niðurstaðna til frekari rannsókna og þróunar. Ef aðilar, í samræmi við þessa reglugerð, takmarka rétt sinn til hagnýtingar, einkum ef þeir sérhæfa sig með tilliti til hagnýtingar, getur aðgangur að niðurstöðum í þeim tilgangi að hagnýta þær þó takmarkast í samræmi við það. Ef háskólar, rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki, sem annast rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en nýta sér venjulega ekki niðurstöðurnar, taka þátt í rannsóknum og þróun skulu þau geta samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunar eingöngu til frekari rannsókna. Framlag aðila til rannsóknar- og þróunarsamstarfs þeirra kann að vera mismikið og fara eftir getu þeirra og viðskiptaþörfum. Til að endurspegla og til að jafna mismun á virði eða eðli framlaga aðila getur því verið kveðið á um það í samningi um rannsóknir og þróun, sem nýtur ávinnings af þessari reglugerð, að einn aðili þurfi að greiða öðrum til að fá aðgang að niðurstöðunum vegna frekari rannsóknar- og þróunarstarfsemi eða hagnýtingar. Greiðslurnar skulu þó ekki vera það háar að þær komi í veg fyrir þann aðgang í reynd.
- 12) Eins skulu aðilar að samningi um rannsóknir og þróun samþykkja, í samningnum um rannsóknir og þróun, að veita hver öðrum aðgang að verkunnáttu sem þegar er fyrir hendi ef samningurinn um rannsóknir og þróun kveður ekki á um sameiginlega hagnýtingu, svo framarlega sem sú verkunnátta er ómissandi að því er varðar hagnýtingu annarra aðila á niðurstöðunum. Fjárhæðir leyfisgjalda skulu ekki vera það háar að þær komi í reynd í veg fyrir aðgang annarra aðila að verkunnáttunni.
- 13) Nauðsynlegt er að takmarka undanþáguna, sem komið er á samkvæmt þessari reglugerð, við samninga um rannsóknir og þróun sem veita fyrirtækjunum ekki færi á að útiloka samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirra vara, þjónustu eða tækni sem um er að ræða. Nauðsynlegt er að veita ekki hópundanþágu vegna samninga milli samkeppnisaðila ef samanlagður hlutur þeirra á markaðnum fyrir vörur, þjónustu eða tækni, sem unnt væri að bæta eða leysa af hólmi í kjölfar rannsókna og þróunar, fer yfir tiltekin mörk á þeim tíma sem samningur er gerður. Ekki er þó gengið út frá því að samningar um rannsóknir og þróun falli annaðhvort undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans eða uppfylli ekki skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans þegar farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild sem sett eru fram í þessari reglugerð eða önnur skilyrði þessarar reglugerðar eru ekki uppfyllt. Í þeim tilvikum þarf að framkvæma sérstakt mat á samningi um rannsóknir og þróun skv. 101. gr. sáttmálans.
- 14) Til að tryggja að samkeppni verði áfram virk um leið og rannsóknarniðurstöður eru hagnýttar sameiginlega er nauðsynlegt að kveða á um að hópundanþágan falli niður ef samanlögð markaðshlutdeild samningsaðilanna fyrir vörurnar, þjónustuna eða tæknina, sem tilkomnar eru vegna sameiginlegra rannsókna og þróunar, verður of mikil. Undanþágan gildir áfram um tiltekinn tíma án tillits til markaðshlutdeildar samningsaðilanna þangað til hlutdeild þeirra er orðin stöðug, einkum þegar algjörelga ný vara hefur komið fram, og til að tryggja þeim hagnað í lágmarkstíma vegna fjárfestinga þeirra.
- 15) Samningar, sem í eru höft, sem eru ekki óhjákvæmileg til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem samningur um rannsóknir og þróun hefur, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Samningar sem fela í sér tilteknar tegundir alvarlegra samkeppnishaftra, svo sem takmarkanir á frelsi samningsaðila til að vinna að rannsóknum og þróun á sviði sem tengist ekki samningnum, verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og takmörkun aðgangs að óvirkri sölu á samningsvörum eða tækni sem samið er um á landsvæðum eða til viðskiptavina annarra samningsaðila, skulu að meginreglu til ekki falla undir undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hluteigandi aðila. Í þessu sambandi hafa höft á notkun ekki í för með sér takmarkanir á framleiðslu eða sölu eða takmarkanir sem varða yfirráðasvæði eða viðskiptavinum.
- 16) Takmörkun á markaðshlutdeild, það að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að aðilarnir geti ekki, með samningnum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.

17) Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að áhrifa samkeppnishamlandi útilokunar frá markaði gæti ef einn aðili fjármagnar nokkur rannsóknar- og þróunarverkefni sem samkeppnisaðilar vinna með tilliti til sömu samningsvara eða -tækni, einkum ef hann fær einkarétt á hagnýtingu niðurstaðnanna gagnvart þriðja aðila. Því skal þessi reglugerð aðeins gilda um samninga um rannsóknir og þróun sem fjármagnaðir eru með þessum hætti ef sameiginleg markaðshlutdeild allra hlutaðeigandi aðila að innbyrðis tengdum samningum, þ.e.a.s. fjármögnunaraðili og allir þeir aðilar sem vinna að rannsóknnum og þróun, fari ekki yfir 25%.

18) Samningar milli fyrirtækja, sem eiga ekki í samkeppni um framleiðslu vara, þjónustu eða tækni, sem unnt er að bæta, nota í staðinn eða endurnýja í kjölfar rannsókna og þróunar, munu einungis í undantekningartilvikum útrýma virkri samkeppni í rannsóknnum og þróun. Því þykir rétt að þessir samningar falli undir undanþágu sem veitt er með þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar, og ber að afgreiða slík undantekningartilvik með því að fella niður undanþáguna sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð.

19) Framkvæmdastjórnin getur afturkallað þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, ef hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi samningur, sem undanþágur sem kveðið er á um í þessari reglugerð gilda um, eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.

20) Samkeppnisyfirlald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð, skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 að því er varðar yfirlaðasvæði þess aðildarríkis, eða hluta þess, ef, í sérstökum tilvikum þar sem samningur, sem undanþágurnar sem komið er á með þessari reglugerð gilda um, hefur eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans á yfirlaðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess og þegar þess háttar yfirlaðasvæði hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar.

21) Ávinningur af þessari reglugerð gæti verið afturkallaður skv. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, t.d. ef samningur um rannsóknir og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknnum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar, ef samningur um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðnum fyrir samningsvörurnar eða -tæknina vegna þess hvernig dreifing varanna er háttáð í einstökum tilvikum, ef aðilar, án gildra ástæðna, hagnýta ekki niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunar gagnvart þriðja aðila, ef samningsvörur eða -tækni er ekki, að öllu leyti

eða að verulegum hluta innri markaðarins, í virkri samkeppni við vörur, tækni eða vinnslu sem neytendur telja jafngild með tilliti til eiginleika, verðs og ætlaðrar notkunar, eða ef samningur um rannsóknir og þróun myndi hamla samkeppni í nýsköpun eða hindra virka samkeppni í rannsóknnum og þróun á tilteknum markaði.

22) Þar eð samningar um rannsóknir og þróun fela oft í sér verkefni til langs tíma, einkum þegar samvinnan nær líka til hagnýtingar niðurstaðna, er rétt að láta reglugerðina gilda í tólf ár.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

l. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samningur um rannsóknir og þróun“: samningur sem tveir eða fleiri aðilar gera um skilyrðin þegar þeir stunda:

i. sameiginlegar rannsóknir og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um og sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna þessara rannsókna og þróunar,

ii. sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna úr rannsóknnum og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um sem unnið var að í sameiningu samkvæmt fyrri samningi milli sömu samningsaðila,

iii. sameiginlegar rannsóknir og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um án sameiginlegrar hagnýtingar niðurstaðna,

iv. fjármagnaðar rannsóknir og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um og sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna þessara rannsókna og þróunar,

v. sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna úr fjármögnuðum rannsóknnum og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um sem unnið var að í sameiningu samkvæmt fyrri samningi milli sömu samningsaðila, eða

vi. fjármagnaðar rannsóknir og þróun á samningsvörum eða tækni sem samið er um án sameiginlegrar hagnýtingar niðurstaðna,

b) „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstillt aðgerð,

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

- c) „rannsóknir og þróunarstarf“: öflun verkunnáttu sem tengist vörum, tækni eða vinnslu og fræðileg greining, kerfisbundin athugun eða tilraun, þar með talin tilraunaframleiðsla, tæknileg prófun vara eða aðferða, útvegum nauðsynlegs búnaðar og öflun hugverkaréttinda yfir niðurstöðunum,
- d) „vara“: vara eða þjónusta, þ.m.t. bæði millistigsvörur eða -þjónusta og fullunnar vörur eða þjónusta,
- e) „tækni sem samið er um“: tækni eða ferli sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér,
- f) „samningsvara“: vara sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér eða sem er framleidd eða fengin með því að beita þeirri tækni sem samið er um,
- g) „hagnýting niðurstaðna“: framleiðsla eða dreifing samningsvara eða beiting tækni sem samið er um eða veiting nytjaleyfis fyrir hugverk eða miðlun verkunnáttu sem þörf er á við slíka framleiðslu eða beitingu,
- h) „hugverkaréttindi“: hugverkaréttindi, þ.m.t. eignarréttindi á sviði iðnaðar, höfundarréttur og skyld réttindi,
- i) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna sem eru leynilegar, mikilvægar og auðkenndar,
- j) „leynilegar“: í tengslum við verkunnáttu, að verkunnáttan er ekki almennt þekkt eða auðfengin,
- k) „mikilvægar“: í tengslum við verkunnáttu, að verkunnáttan er mikilvæg og nytsamleg við framleiðslu samningsvaranna eða beitingu tækninnar sem samið er um,
- l) „auðkenndar“: í tengslum við verkunnáttu, að verkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og mikilvæg,
- m) „sameiginleg“: í tengslum við starfsemi samkvæmt samningi um rannsóknir og þróun, starfsemi þar sem viðkomandi verk:
- i. er unnið af sameiginlegum hópi, samtökum eða fyrirtæki,
 - ii. er falið þriðja aðila í sameiningu eða
 - iii. skiptist milli samningsaðilanna þannig að þeir sérhæfi sig með tilliti til rannsókna og þróunar eða hagnýtingar,
- n) „sérhæfing með tilliti til rannsóknar- og þróunarstarfs“: allir aðilar taka þátt í rannsóknar- og þróunarstarfi, sem fellur undir samning um rannsóknir og þróun, og þeir skipta rannsóknar- og þróunarverkefnum á milli sín eins og þeir telja að henti best, en þetta á ekki við um fjármagnað rannsóknar- og þróunarstarf,
- o) „sérhæfing með tilliti til hagnýtingar“: aðilarnir skipta með sér einstökum verkefnum, svo sem framleiðslu eða dreifingu, eða setja hömlur hver á annan m.t.t. hagnýtingar niðurstaðna, svo sem hömlur að því er varðar tiltekin yfirráðasvæði, viðskiptavinum eða notkunarsvið; undir þetta falla aðstæður þar sem aðeins einn aðili framleiðir og dreifir samningsvörunum á grundvelli einkanytjaleyfis sem hinir aðilarnir veita,
- p) „fjármögnum rannsóknar- og þróunarstarfsemi“: rannsóknar- og þróunarstarf sem einn aðili vinnur og fjármögnunaraðili fjármagnar,
- q) „fjármögnunaraðili“: aðili sem fjármagnar rannsóknar- og þróunarstarf en vinnur ekkert af því rannsóknar- og þróunarstarfi sjálfur,
- r) „samkeppnisfyrirtæki“: raunverulegur eða hugsanlegur samkeppnisaðili,
- s) „raunverulegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem afhendir vöru, tækni eða vinnslu sem hægt er að bæta, nota í staðinn eða skipta út fyrir samningsvöruna eða tæknina sem samið er um á viðkomandi landfræðilegum markaði,
- t) „hugsanlegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem að líkindum, ef ekki liggur fyrir samningur um rannsóknir og þróun, á raunhæfum grundvelli en ekki aðeins fræðilegum, við litla en varanlega aukningu á hlutfallslegu verði, tækist á hendur, innan þriggja ára, nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað til að afhenda vöru, tækni eða ferli sem hægt væri að bæta, nota í staðinn eða skipta út fyrir samningsvöruna eða tæknina sem samið er um á viðkomandi landfræðilegum markaði,
- u) „viðkomandi vörumarkaður“: viðkomandi markaður fyrir vörur sem hægt er að bæta, nota í staðinn eða skipta út fyrir samningsvörurnar,
- v) „viðkomandi tæknimarkaður“: viðkomandi markaður fyrir tækni eða ferli sem hægt er að bæta, nota í staðinn eða skipta út fyrir tækni sem samið er um,
2. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, og „aðili“ ná til tengdra fyrirtækja þeirra.

„Tengd fyrirtæki“:

- a) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun, beint eða óbeint:
 - i. ræður yfir meirihluta atkvæða,
 - ii. getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða
 - iii. hefur rétt til að stýra rekstri fyrirtækisins,
- b) fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum um rannsóknir og þróun,
- c) fyrirtæki, þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- d) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem tilgreind eru í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - i. aðila að samningi um rannsóknir og þróun eða tengdra fyrirtækja sem um getur í a- til d-lið, eða
 - ii. eins eða fleiri aðila að samningnum um rannsóknir og þróun eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila,

2. gr.

Undanþága

1. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki um samninga um rannsóknir og þróun.

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem slíkir samningar innihalda samkeppnishömlur sem falla innan gildissviðs 1. mgr. 101. gr. sáttmálans.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um samninga um rannsóknir og þróun sem fela í sér ákvæði sem tengjast framsali eða leyfisveitingu hugverkaréttinda til eins eða fleiri aðila eða einingar sem aðilarnir koma á fót til að vinna að sameiginlegum rannsóknum og þróun, fjármögnuðum rannsóknum eða þróun eða sameiginlegri hagnýtingu, að því tilskildu að þau ákvæði fjalli ekki um meginmarkmið þess háttar samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir með þeim skilyrðum sem sett eru í 2. til 5. mgr.

2. Í samningi um rannsóknir og þróun verður að vera mælt fyrir um að allir aðilar hafi fullan aðgang að lokaniðurstöðum sameiginlegs rannsóknar- og þróunarstarfs eða fjármögnuðu rannsóknar- og þróunarstarfi, þ.m.t. öll hugverkaréttindi og verkkunnátta sem af því kann að leiða, til frekari rannsókna, þróunar og hagnýtingar um leið og þær liggja fyrir. Ef aðilar takmarka rétt sinn til hagnýtingar í samræmi við þessa reglugerð, einkum ef þeir sérhæfa sig með tilliti til hagnýtingar, má takmarka aðgang þeirra að niðurstöðum í þeim tilgangi að hagnýta þær í samræmi við það. Rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki, sem annast rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en hagnýta sér venjulega ekki niðurstöðurnar, geta þó samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs eingöngu til frekari rannsókna. Samningurinn um rannsóknir og þróun gæti gert ráð fyrir að aðilar greiði hver öðrum fyrir aðgang að niðurstöðum til frekari rannsókna eða hagnýtingar, en greiðslurnar skulu ekki vera það háar að þær komi í veg fyrir þess háttar aðgang í reynd.

3. Ef samningur um rannsóknir og þróun tekur einungis til sameiginlegs rannsóknar- eða þróunarstarfs eða fjármagnaðs rannsóknar- eða þróunarstarfs, skal í samningi um rannsóknir og þróun, með fyrirvara um 2. mgr., mælt fyrir um að hver aðili skuli fá aðgang að allri verkkunnáttu annarra aðila, sem fyrir hendi er, ef sú verkkunnátta er ómissandi vegna hagnýtingar niðurstaðnanna. Í samningi um rannsóknir og þróun gæti verið gert ráð fyrir að aðilar greiði hver öðrum fyrir aðgang að verkkunnáttu þeirra sem er fyrir hendi, en greiðslurnar skulu ekki vera það háar að þær komi í veg fyrir þess háttar aðgang í reynd.

4. Sameiginleg hagnýting getur aðeins lotið að niðurstöðum sem njóta hugverkaverndar eða hafa leitt til verkkunnáttu og sem eru ómissandi fyrir framleiðslu samningsvara eða beitingu tækninnar sem samið er um.

5. Aðilum, sem framleiða samningsvörur í umboði samningsaðilanna vegna sérhæfingar með tilliti til hagnýtingar, er skylt að sinna þöntunum um framleiðslu samningsvaranna frá öllum samningsaðilum, nema í samningnum um rannsóknir og þróun sé einnig kveðið á um sameiginlega dreifingu í skilningi i. eða ii. liðar m-liðar 1. mgr. 1. gr. eða ef aðilar hafa samþykkt að einungis aðilinn sem framleiðir samningsvörurnar megi dreifa þeim.

4. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild og gildistími undanþágu

1. Ef aðilar eru ekki fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan sem kveðið er á um í 2. mgr. allan rannsóknar- og þróunartímann. Þegar um sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna er að ræða gildir undanþágan áfram í sjö ár frá þeim tíma er vörurnar eða tæknin, sem samið er um, er fyrst sett á markað á innri markaðnum.

2. Ef tveir eða fleiri aðilanna eru fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., aðeins fyrir það tímabil sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar ef, á þeim tíma sem samningur um rannsóknir og þróun er gerður:

- a) sameiginleg markaðshlutdeild aðila að samningi um rannsóknir og þróun fer ekki yfir 25% á viðkomandi vöru- eða tæknimarkaði, að því er varðar samninga um rannsóknir og þróun, sem um getur í i., ii. eða iii. lið a-liðar 1. mgr. 1. gr., eða
- b) sameiginleg markaðshlutdeild fjármögnunaraðila og allra aðila, sem fjármögnunaraðili hefur gert við samning um rannsóknir og þróun, að því er varðar sömu vörunar eða tæknina sem samið er um, fer ekki yfir 25% á viðkomandi vöru- eða tæknimarkaði, að því er varðar samninga um rannsóknir og þróun, sem um getur í iv., v. eða vi. lið a-liðar 1. mgr. 1. gr.

3. Undanþágan gildir áfram eftir að tímabilinu, sem um getur í 1. mgr., lýkur, að því tilskildu að samanlögð markaðshlutdeild aðilanna fari ekki yfir 25% af viðkomandi vöru- og tæknimörkuðum.

5. gr.

Alvarlegar takmarkanir

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um samninga um rannsóknir og þróun, sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum, sem eru undir stjórn samningsaðilanna, hafa eitthvert eftirfarandi markmiða:

- a) að takmarka frelsi aðilanna til að vinna að rannsóknum og þróun sjálfstætt eða í samvinnu við þriðja aðila á sviði sem tengist ekki sviði samningsins um rannsóknir og þróun eða, eftir að sameiginlegri rannsóknar- og þróunarstarfsemi, eða fjármagnaðri rannsóknar- og þróunarstarfsemi, lýkur, á sviði rannsóknanna og þróunar eða á skyldu sviði,
- b) takmörkun á framleiðslu eða sölu, að undanskildum:
 - i. ákvörðunum framleiðslumarkmiða ef sameiginleg hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega framleiðslu samningsvara,
 - ii. ákvörðunum sölumarkmiða ef sameiginleg hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega dreifingu varanna, sem samið er um, eða sameiginlega leyfisveitingu tækninnar sem samið er um, í skilningi i. eða ii. liðar m-liðar 1. mgr. 1. gr.
 - iii. aðferða sem stuðla að sérhæfingu með tilliti til hagnýtingar, og
 - iv. takmörkunum á frelsi aðilanna til að framleiða, selja, framselja eða veita nýjaleyfi varðandi vörur, tækni eða ferli sem eru í samkeppni við samningsvörur eða tækni, sem samið er um, á því tímabili sem aðilarnir hafa samþykkt að hagnýta niðurstöðurnar í sameiginlega,

- c) verðsamráð við sölu samningsvaranna eða leyfisveitingu tækni sem samið er um til þriðja aðila, að undanskildu verðsamráði vegna gjalda sem lögð eru á beina viðskiptavinum eða verðsamráð vegna leyfisgjalda, sem lögð eru á beina leyfishafa, þar sem sameiginleg hagnýting niðurstaðna tekur til sameiginlegrar dreifingar á samningsvörum eða sameiginlega leyfisveitingu tækni sem samið er um í skilningi i. eða ii. liðar m-liðar 1. mgr. 1. gr.,
- d) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem aðilunum er heimilt að selja samningsvörurnar til á óvirkan hátt eða veita leyfi til notkunar á tækni sem samið er um, að undanskilinni kröfunni um að veita öðrum aðila einkaleyfi á niðurstöðunum,
- e) kröfu um að selja ekki með virkum hætti, eða takmarka virka sölu á, samningsvörur eða tækni sem samið er um, á landsvæðum eða til hóps viðskiptavina, sem ekki hefur verið sérstaklega úthlutað einum aðilanna að teknu tilliti til sérhæfingar í tengslum við hagnýtingu,
- f) kröfu um að neita að svara eftirspurn frá viðskiptavinum á landsvæði viðkomandi aðila eða frá hópi viðskiptavina, sem með öðrum hætti hefur verið skipt milli aðilanna með tilliti til sérhæfingar í tengslum við hagnýtingu, sem settu vörurnar, sem samið er um, á markað á öðrum landsvæðum á innri markaðnum,
- g) krafan um að notendum eða endurseljendum sé gert erfitt fyrir um öflun varanna, sem samið er um, frá öðrum endursöluaðilum á innri markaðnum.

6. gr.

Takmarkanir sem eru útilokaðar

Undanþágurnar, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda ekki um eftirfarandi skuldbindingar í samningum um rannsóknir og þróun:

- a) að banna samningsaðilum að vefengja, eftir að rannsóknar- og þróunarstarfi lýkur, gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á innri markaðnum og máli skipta fyrir rannsóknar- og þróunarstarfið eða, eftir að samningur um rannsóknir og þróun rennur út, vefengja gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á innri markaðnum og vernda niðurstöður rannsóknar- og þróunarstarfs; þetta hefur þó ekki áhrif á möguleikann á að semja um uppsögn samnings um rannsóknir og þróun ef einn samningsaðila vefengir gildi slíkra hugverkaréttinda,
- b) að veita ekki þriðju aðilum leyfi til að framleiða samningsvörur eða beita tækni sem samið er um nema samningurinn kveði á um hagnýtingu niðurstaðna sameiginlegs rannsóknar- og þróunarstarfs, eða fjármagnaðs rannsóknar- og þróunarstarfs, a.m.k. eins aðila og sú hagnýting eigi sér stað á innri markaðnum gagnvart þriðja aðila.

7. gr.

Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 4. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis, ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi aðila,
- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið annarrar undirgreinar í 2. mgr. 1. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða heimildir sem tilgreint er í a-lið þeirrar undirgreinar,
- d) ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 30%, gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., áfram samfelld næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild,

- e) ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en vex síðan yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,
- f) óheimilt er að sameina ávinninginn, sem fæst á grundvelli d- og e-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

8. gr.

Aðlögunartímabil

Bann það sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2012 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2010 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2659/2000.

9. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Hún fellur úr gildi 31. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.